

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b/t. Sóleyjar Ragnarsdóttur
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2015

Efni: Drög að frumvarpi til nýrra laga um váttryggingastarfsemi

Viðskiptaráð þakkar fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreind frumvarpsdrög. Með frumvarpinu er áformað að setja ný heildarlög um váttryggingastarfsemi í stað núgildandi laga nr. 56/2010. Þannig yrðu leiddar í lög reglur tilskipunar 2009/138/ESB um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, sem nefnd hefur verið Solvency II tilskipunin. Byggir frumvarpið einnig á ákvæðum tilskipunar 2014/51/ESB, svokallaðri Omnibus tilskipun, sem felur í sér nánari útfærslu á ákvæðum Solvency II tilskipunarinnar.

Að mati Viðskiptaráðs er heppilegast að löggjöf hér á landi sé í meginatriðum í samræmi við löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu. Þó er brýnt að regluverk sé ekki innleitt með meira íþyngjandi hætti en nauðsyn krefur til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þegar til stendur að lögfesta reglur sem ekki eru í samræmi við það sem gerist annars staðar er mikilvægt að fullnægjandi rök standi að baki slíkum reglum. Að mati ráðsins er með frumvarpsdrögunum að nokkru leyti gengið lengra en tilskipun 2009/138/ESB kveður á um án þess að það sé rökstutt í greinargerð með drögunum.

Viðskiptaráð tekur jafnframt undir þær athugasemdir sem fram koma í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) þess efnis að samræma þurfi skilgreiningar og orðnotkun í frumvarpinu. Þá tekur ráðið undir það með SFF að bagalegt sé að í frumvarpsdrögunum sé fullyrt að ákvæði séu efnislega samhljóða ákvæðum núgildandi laga um váttryggingastarfsemi þegar í reynd er um breytingar að ræða. Í frumvarpsdrögunum er einnig nokkuð um rangar tilvísanir til ákvæða tilskipunarinnar sem torveldir yfirlestur með hana til hliðsjónar. Að mati Viðskiptaráðs þarfnast frumvarpsdrögin töluverðra lagfæringa.

Stjórnarhættir og takmörkun arðgreiðslna

Hvað varðar einstaka þætti frumvarpsdraganna fagnar Viðskiptaráð því að aukin áhersla sé lögð á góða stjórnarhætti í váttryggingafélögum. Nokkur breyting er lögð til með frumvarpsdrögum á ákvæðum er varða stjórnir váttryggingafélaga, t.a.m. almennt um stjórnarmenn, hæfi þeirra og önnur störf. Flest ákvæði VII. kafla frumvarpsdraganna eru í samræmi við ákvæði tilskipunar 2009/138/ESB. Þó er í kaflanum að finna ákvæði sem ekki er kveðið á um í tilskipuninni.

Viðskiptaráð telur ekki rétt að hér á landi séu gerðar sérstakar kröfur, sem takmarka möguleika einstaklinga til stjórnarsetu í váttryggingafélögum, ef ekki er kveðið á um þær í tilskipuninni. Sem dæmi um slíkt í frumvarpsdrögum má nefna áskilnað sem gerður er í lokamálslið 2. mgr. 42. gr. þess efnis að meirihluti stjórnarmanna skuli ávallt vera óháður félögum innan sömu félagasamstæðu. Þrátt fyrir að þennan áskilnað sé að finna í núgildandi lögum telur Viðskiptaráð að taka þurfi afstöðu til þess hver þörfin sé fyrir slíka kvöð. Það á sérstaklega við nú þegar heildarendurskoðun stendur yfir á lögum með það að markmiði að samræma lagaumhverfi váttryggingafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þá gerir ráðið athugasemdir við 1. málslið 3. mgr. 41. gr. sem kveður á um að Fjármálaeftirlitið geti á hverjum tíma tekið hæfi forstjóra og stjórnarmanna til sérstakrar skoðunar. Ekki er að sjá að ákvæðið sé í samræmi við 42. gr. tilskipunarinnar þrátt fyrir að þess sé getið í greinargerð með frumvarpsdrögum. Viðskiptaráð leggst gegn því að Fjármálaeftirlitið fái slíkar heimildir þegar ekki er kveðið á um þær sérstaklega í tilskipuninni.

Viðskiptaráð gerir jafnframt athugasemdir við 52. gr. frumvarpsdraganna sem kveður á um takmörkun arðgreiðslna. Líkt og fram kemur í greinargerð er ákvæðið ekki að finna í tilskipun 2009/138/ESB en þó var talin þörf á slíkri takmörkun hér á landi til að tryggja gæði gjaldþolsliða váttryggingafélags. Eins og áður sagði er það eitt af markmiðum tilskipunar 2009/138/ESB að samræma lagaumhverfi váttryggingafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu. Með takmörkun á arðgreiðslum umfram það sem kveðið er á í tilskipuninni er gengið gegn því markmiði. Jafnframt er ákvæðið til þess fallið að skerða samkeppnishæfni íslenskra váttryggingafélaga. Verði heimildir til útgreiðslu arðs úr íslenskum váttryggingafélögum takmarkaðri en gengur og gerist annars staðar má ætla að vilji fjárfesta til að binda fjármuni sína í íslenskum váttryggingafélögum verði minni en ella. Afleiðing þess væri að verðmæti félaganna myndi minnka.

Stjórnsýsla og lágmarksfjármagn

Á meðan frumvarpsdrögin gera á köflum ríkari kröfur til váttryggingafélaga en tilskipunin kveður á um virðist því öfugt farið þegar kemur að kröfum til stjórnsýslunnar. Ákvæði 4. mgr. 112. gr. Evróputilskipunarinnar kveður á um að Fjármálaeftirlit skuli samþykkja umsókn váttryggingafélags um notkun eigin líkana *innan sex mánaða* frá því umsókn barst. Ekki er að finna tímatakmarkanir í 104. gr. frumvarpsdraganna og ekki er fjallað um það sérstaklega í greinargerð hvers vegna þessum áskilnaði er sleppt. Viðskiptaráð telur að innleiða eigi 4. mgr. 112. gr. tilskipunarinnar líkt og aðrar málsgreinar þeirrar greinar.

Í ákvæði 112. gr. frumvarpsdraganna má auk þess finna strangari kröfur um lágmarksfjármagn váttryggingafélags en kveðið er á í 129. gr. tilskipunarinnar. Viðbótarkröfur til váttryggingafélaga í frumvarpsdrögum nema á bilinu 200 þúsund til 500 þúsund evrum samanborið við tilskipunina. Í greinargerð er hvorki að finna rökstuðning fyrir viðmiðunum né útreikning á því hvernig þau eru fengin. Viðskiptaráð leggst gegn því að lágmarksviðmið verði hærri hérlendis en tilskipunin kveður á um. Íslensk váttryggingafélög eru smá í samanburði við það sem víðast

þekkt í Evrópu og því er ekki réttlætanlegt að lögfasta strangari kröfur um lágmarksfjármagn þeirra.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpsdrögin verði endurskoðuð í heild, m.a. með tilliti til ofangreindra athugasemda, og í kjölfarið lögð fram til umsagnar að nýju.

Virðingarfyllt,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands